



Vestmannaeyjabær

Vestmannaeyjar, 12. maí 2025
202607185 dh

Vestmannaeyjabær Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi fyrir lagningu almannavarnarlagnar NSL4 innan lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjabæjar

Leyfishafar:

Verkís hf. fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar
611276-8000
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Leyfisveitandi:

Vestmannaeyjabær
690269-0159
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum

HS-Veitur

4312080590
Brekustíg 36
260 Reykjanesbæ

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- a) NSL4 Umsókn um framkvæmdaleyfi tölvupóstur
- b) Áhrifamat-Neðansjávarvatnslögn NSL4 (ID 504666)
- c) Neðansjávarvatnslögn til Vestmannaeyja_Matsskylduákvörðun (ID 501915)
- d) A1672-004-U02 Ný vatnslögn til Vestmannaeyja - auglýst tillaga (ID 521048)
- e) B_nr_857_2026
- f) 06247-M23-01-204-1 (ID 513699)
- g) 06247-M23.008.1102-1 (ID 530571)
- h) 06247-M23.008.1101-1 (ID 530561)
- i) 06247-M23.008.1001-B (ID 535368)
- j) NSL4-FUM (ID 401519)
- k) ask_rang_m_undirritunars (ID 521040)
- l) NSL4 leyfisumsókn til UOS (ID 514532)
- m) ET1130-HSE-00007 NSL4 - Mobilisation & Installation HIRA (ID 530069)
- n) Job Safety Assessment – Bakkafjara
- o) Job Safety Assessment – GELP
- p) Job Safety Assessment – Skansfjara
- q) Job Safety Assessment - the port



Vestmannaeyjabær

Vistuð í skjalakerfi Vestmannaeyjabæjar undir máli „Almannavarnalögn NSL4 – Framkvæmdaleyfi – 202607185“.

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli 4. og 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 telst framkvæmdin sem við á tilkynningaskyld til Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnunar (HMS). Fyrirspurn um matsskyldu (sjá fylgiskjal j)) og gert áhrifamat fyrir vatshlot (sjá fylgiskjal b)) var send HMS þann 14. október 2025 og lá matsskyldu ákvörðun fyrir þann 20. janúar 2026. Niðurstaða HMS var að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum (sjá fylgiskjal c))

Sem hluti af framkvæmdinni hefur einnig verið breytt aðalskipulagi Rangárbings Eystra (fylgiskjal k) og gefið út framkvæmdaleyfi innan lögsögu sveitarfélagsins. Leyfisumsókn hefur einnig verið send til Umhverfis- og Orkustofnunar og umsögn hefur verið fengin frá Siglingarmálastofnun.

Með vísan til samþykktar á 1628. fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 1. júlí 2026 á breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagningu almannavarnarlagnar NSL4 til Vestmannaeyja (sjá fylgiskjal d) og e)) og umsókn Verkís um framkvæmdaleyfi, fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar (sjá fylgiskjal a)) er hér með veitt framkvæmdaleyfi til að:

- Lagning 8 tommu vatnslagnar í sjávarbotn innan lögsagnarumdæmis Vestmannabæjar þ.m.t. við hafnarminni skv. teikningum.
- Landtaka vatnslagnar í Skansfjöru, skv. teikningum.
- Grafa skurði skv. skilgreindri leið.
- Tenging við vatnslögn í Skansfjöru.
- Uppfylling skurða, landmótun og frágangur jarðvegs.

Ofantaldir verkþættir skulu unnir í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og skal bærinn upplýsur um upphaf og framgang.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdina skal vinna samfelld, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar. Vísað er til 14 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 varðandi framgang verksins.

Umgengni á framkvæmdasvæði skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til allrar umferðar við framkvæmdasvæðið. Nota skal fullnægjandi merkingar og afmörkun til að vekja athygli á skurðum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk framkvæmdarinnar sé klætt sýnileikafatnaði.

Nauðsynlegt er að hafa tímanlega samband við Vestmannaeyjabæ og lögregluna í Vestmannaeyjum vegna veglokana. Mikilvægt er að miðla upplýsingum um veglokana til íbúa og hagsmunaaðila.


Verklag hefur verið unnið fyrir framkvæmdina til að tryggja siglingaröryggi við Vestmannaeyjahöfn á meðan framkvæmdum í nálægð við Vestmannaeyjar stendur. Mikilvægt er að framkvæmdaaðili kynni sér fyrirhugað verklag og hafi samráð við Vestmannaeyjahöfn.



Vestmannaeyjabær

Framkvæmdaleyfið felur í sér heimild til að leggja vatnslögn NSL4 sem þjónar hlutverki almannavarnarlagnar innan lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjabæjar, leiða lögnina að landi í Skansfjörð og tengja við tengipunkt sem þegar er í fjörunni og leiðir vatnið að bænum. Fylgigöng f),

g), h) og i) sýna legu lagnarinnar á milli lands og Eyja og við Vestmannaeyjar. Mynd 1 sýnir legu vatnslagna í nálægð við landtöku í Vestmannaeyjum ásamt vinnusvæði í landi og fyrirhuguðum veglokunum, sjá einnig fylgiskjal f).



Mynd 1: Lega lagna í minni Vestmannaeyjahafnar, vinnusvæði og veglokanir (06247-M23.008.1001-B (ID 535368).

Samráð hefur verið haft við Vestmannaeyjahöfn, Herjólf og fulltrúa lagningarskips varðandi verklag við lagningu lagnarinnar og áhættumat. Verklag og áhættumat má finna í fylgiskjöllum m), n), o), p) og q).

Upphafsfundur

Í upphafi verks verður haldinn upphafsfundur í Vestmannaeyjum þar sem farið verður yfir verkefnið með þeim verktökum sem fengnir verða til verkefnisins auk fulltrúa frá Vestmannaeyjahöfn, Vestmannaeyjabæ, Subsea seven, Verkís og Herjólf.

Á fundinum verður farið yfir verklag og áhættustýringu við lagningu vatnslagnarinnar við Vestmannaeyjar.

Ráðhúsinu, Pósthólf 60, 902 Vestmannaeyjum
Sími 488-2000, Kennitala 690269-0159
Vefsíða www.vestmannaeyjar.is



Vestmannaeyjabær

Subsea seven hefur ráðið Magnús Már Adólfsson hjá fyrirtækið Blue whater shipping sem umboðsmann fyrir skipið.

Hæfi framkvæmdaraðila og miðlun

Allir undirverktakar sem fengnir verða til verkefnisins skulu upplýstir um kröfur um frágang og vinnuaðferðir. Framkvæmdaraðili sem ráðinn er til verkefnisins í útboði hefur ábyrgð á þessari miðlun. Eypór Sigurðsson

Eftirlit með framkvæmdum:

Vestmannaeyjabær skipar skv. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirlitsnefnd með framkvæmdunum.

Eftirlitsnefnd:

- Brynjar Ólafsson framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs
- Dóra Björk Gunnarsdóttir Hafnarstjóri
- Fulltrú frá Vestmannaeyjahöfn (Njáll Kolbeinsson)
- Fulltrúi Verkís (Eypór Sigurðsson og Hilmar Karl Arnarsson)

Lok framkvæmda


Þegar að leyfishafi telur framkvæmdum lokið skal hann hafa samband við leyfisveitanda og óska eftir úttekt. Verkið telst fyrst lokið þegar leyfishafi hefur komið til móts við sanngjarnar athugasemdir sem leyfisveitandi kann að hafa.

Útgáfudagur og gildistími:

Framkvæmdatími er áætlaður um þrír mánuðir í heildina. Áætlað er að framkvæmd við lagningu vatnslagnarinnar hefjist miðvikudaginn 5. ágúst og standi í um viku. Þar á eftir tekur við tenging lagnarinnar við inntak vatnsveitukerfis sem er í höndum HS-Veitna.

Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Undirskrift,


Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisstjóri